



Bæjarstjórnin í Hafnarfirði
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Ráðhúsinu við Strandgötu
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði 4. júní, 2013

Efni: 100 ára afmæli Fríkirkjusafnaðarins í Hafnarfirði.

Með vísan til fundar okkar þann 13. nóvember síðastliðinn langar undirritaðan að vekja athygli á því að um þessar mundir fagnar Fríkirkjusöfnuðurinn í Hafnarfirði 100 ára afmæli sínu.


Allt frá því fyrsta guðspjónustan var haldin á sumardaginn fyrsta 1913, kirkja hafði verið reist „austur af Linnetshúsi“ og hún vígð þann 14. desember sama ár, hefur söfnuðurinn tekið virkan þátt í samfélagi Hafnarfirðinga. Kirkja hafði fram til þessa ekki verið í Hafnarfirði svo hundruðum ára skipti en fyrir frumkvæði og framtakssemi nokkurra Hafnarfirðinga varð gerð sú myndarlega bragabót sem enn stendur og blómstrar nú sem aldrei fyrr.

Í samtali okkar í nóvember ræddum hugsanlegan stuðning Hafnarfjarðarbæjar við söfnuðinn vegna fjárfrekra framkvæmda við kirkjuna og safnaðarheimilið en fyrir dyrum standa nú til dæmis viðhaldsaðgerðir á kórnum utanverðum, gluggum í kór og á suðurhlíð kirkjunnar. Lagfæra þarf safnaðarheimili á ýmsa lund og hafa meðal annars verið reifaðar hugmyndir um að auðvelda aðgengi og aðstöðu þeirra sem erfitt eiga um gang milli hæða en húsið er gamalt og fyrirkomulag innan húss barn síns tíma. Kostnaður við framangreind atriði skiptir mörgum milljónum króna.

Viljum við vekja athygli á þessum atriðum ef vera kunni að bæjarstjórn hafi hug á styðja sérstaklega við starfseminu í tilefni af afmælisári. Lýsir undirritaður sig fúslega reiðubúinn til frekari viðræðna um málið ef eftir því verður óskað.

Með vinsemi og virðingu,


Jóhann Guðni Reynisson
formaður safnaðarstjórnar

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	5.6.2013
Málsnr:	1306068
Bréfa:	211